



strætó.is

Dreifing

Aðalsteinn Sigfússon Kópavogsbær
Ásgeir Sigurgestsson Mosfellsbær
Aðalsteinn Sigfússon Kópavogsbær
Ásgeir Sigurgestsson Mosfellsbær
'atlith@hafnarfjordur.is'; Hafnarfjarðarbær
Bergljót Sigurbjörnsdóttir; Garðabær
'ingunni@hafnarfjordur.is';
Guðmundur Ragnar Ólafsson; Hafnarfjarðarbær
Snorri Aðalsteinsson; Seltjarnarnesbær
Þórhildur Guðrún Egilsdóttir; Reykjavíkurborg
Unnur V. Ingólfssdóttir; Mosfellsbær
Hörður Hilmarsson; Reykjavíkurborg
Rannveig Einarsdóttir; Hafnarfjarðarbær
Edda Tryggvadóttir; Garðabær

Minnisblað

22.10.2014

Tilfni

**Fyrirspurn vegna nýs
kerfis fyrir
ferðaþjónustu fatlaðs
fólks**

Höfundur

Smári Ólafsson

Yfirfarið

Reynir Jónsson

Inngangur

Eftirfarandi fyrirspurn barst frá Ásgeiri Sigurgestssyni verkefnastjóra þróunar og gæðamála á fjölskyldusviði Mosfellsbæjar.

Nú stendur sem hæst gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2015. Meðal þess sem þarf að áætla fyrir er ferðaþjónusta fatlaðs fólks/akstur fatlaðra grunnskólabarna. Enn sem komið er höfum við mjög takmarkaðar upplýsingar um kostnað við það kerfi sem við tekur um áramót. Því þykir okkur í Mosfellsbæ ástæða til að spyrja:

- Hvað hefur komið út úr því útboðsferli sem fram hefur farið undanfarna mánuði?
- Hefur verið gengið frá samningum við akstursaðila og upp á hvað hljóða þeir?
- Hvaða forsendur getum við gefið okkur til að áætla kostnað við akstursþjónustuna á komandi ári? Hvað má t.d. ætla að 1000 ferðir komi til með að kosta?
- Liggur fyrir niðurstaða um þá fjárhæð sem ætlað er að sveitarfélögin greiði Strætó bs. sem „upphafskostnað“ vegna tölvukerfa o.s.frv.?
- Hefur verið ákveðið hvernig þjónustuver þessarar þjónustu verður mannað? Munu starfa þar þeir starfsmenn sem hafa annast verkefni þjónustuversins hingað til, m.a. fatlaðir starfsmenn?

Strætó bs.

Þönglabakka 4, Pósthólf 9140

129 Reykjavík

Sími 540 2700

strætó.is

 **Sjáðu þetta**



Við gerum ráð fyrir að þessar spurningar – og ugðlaust fleiri – séu ofarlega í huga þess starfsfólks hlutaðeigandi sveitarfélaga sem nú vinnur að fjárhagsáætlunum og þarf að öðru leyti að svara fyrir um þau áform sem uppi eru hvað hina nýju akstursþjónustu varðar.

Innkaupaferli og samningamál

Samning um reglubundna akstursþjónustu (verða að vera með 15 fullbúna bíla um áramót og svo aðra 15 næsta vor) hlaut fyrirtækið Hópbílar hf. og rammasamninga um tilfallandi akstursþjónustu (svipað og leigubílar sem hjálpa til þegar mestur akstur er) hlutu eftirtaldir þátttakendur.

Þessir aðilar geta verið með 1 bíl eða fleiri.

- AllIcelandTours ehf.
- Andrés Eyberg Magnússon
- Atli Sævar Grétarsson
- Björn Páll Angantýsson
- Björn Úlfarsson
- Erla Kristín Harðardóttir
- Guðmundur Brynjar Hallgrímsson
- Guðmundur Ægir Jóhannsson
- Haraldur Örn Arnarsson
- Hópbílar hf.
- Karl Grant
- Kynnisferðir ehf.
- Lárus Ragnarsson
- Sigurður Ívar Sölvason
- Sigurður Stefánsson
- Sigurður V. Bachmann
- Steindór Björnsson

Samningar fela í sér akstursþjónustu frá næstkomandi áramótum til 31. desember 2019. Náist um það samkomulag milli aðila er heimilt að framlengja samningum tvisvar sinnum, um eitt ár í senn. Tíminn til áramóta er ætlaður til kaupa á bifreiðum og/eða standsetningar á þeim ásamt því að þjálfa starfsfólk.

Formleg undirskrift við samningshafa hefur verið boðuð næstkomandi sunnudag eða þann 26. október. Niðurstaða innkaupaferlisins verður að teljast vera mjög ásættanleg. Samningshafar eru með mikla reynslu af sambærilegri þjónustu og verð voru almennt mjög nálægt eða undir kostnaðaráætlun. Samningshafar fá greitt eftir aksturstímum og eru því mjög mörg einingaverð í gangi.

Eftirfarandi eru verðin úr verkhluta A eða fyrir reglubundna akstursþjónustu. Þessir bílar eru málaðir samkvæmt okkar fyrirmælum og má verktaki því ekki nota þá í önnur verk.

- ▶ Rekstrarvagn af gerð I, 9 farþega hjólastólabilifreið
 - > Fjöldi rekstrarvagna af gerð I : Allt að 30
 - > Vegin heildareinkunn sbr. gr. 0.2.9 í samningskaupagögn nr. 13261 : 100
 - > Greiðsluliður 1.1: 3.200 kr./klst.
 - > Greiðsluliður 1.2: 3.200 kr./klst.
 - > Greiðsluliður 1.3: 3.800 kr./klst.

- > Greiðsluliður 2: 2.700 kr./klst.
- > Greiðsluliður 3: 460.000 kr./mánuði

Greiðsluliðir eru 1.1-1.3 eru fyrir hvern klukkutíma í vinnu á dag, eftir eða næturvinnu. Greiðsluliður 2 er fyrir hvern aksturstíma. Greiðsluliður 3 er fast gjald á mánuði.

Eftirfarandi eru verðin úr verkhluta B eða fyrir tilfallandi akstursþjónustu.

Bílar af gerð II

	Fjöldi vagna	Meðalverð
Hópbílar hf.	Allt að 5	6.849 kr.
Kynnisferðir ehf.	Allt að 20	8.301 kr.
Björn Úlfarsson	1	8.616 kr.
Haraldur Örn Arnarsson	1	10.313 kr.
AllcelandTours ehf.	1	9.567 kr.
Björn Páll Angantýsson	1	9.892 kr.

Bílar af gerð III

	Fjöldi vagna	Meðalverð
Hópbílar hf.	Allt að 5	6.849 kr.
Sigurður Stefánsson	1	8.904 kr.

Bílar af gerð IV

	Fjöldi vagna	Meðalverð
Erla Kristín Harðardóttir	1	7.555 kr.
Andrés Eyberg Magnússon	1	7.737 kr.
Atli Sævar Grétarsson	1	7.954 kr.
Guðmundur Ægir Jóhannsson	1	7.954 kr.
Sigurður Stefánsson	1	7.954 kr.
Steindór Björnsson	1	7.954 kr.
Guðmundur Brynjar Hallgrímsson	1	7.954 kr.
Karl Grant	1	7.954 kr.
Andrés Eyberg Magnússon	1	7.737 kr.
Andrés Eyberg Magnússon	1	7.737 kr.
Lárus Ragnarsson	1	8.116 kr.
Sigurður Ívar Sölvason	1	8.387 kr.
Sigurður V. Bachmann	1	8.387 kr.
Haraldur Örn Arnarsson	1	8.167 kr.

AllcelandTours ehf.	1	8.667 kr.
AllcelandTours ehf.	1	8.667 kr.

Bílar af gerð II eru bílar sem geta tekið hjólastóla en eru ekki gerðar eins ríkar kröfur til þeirra og vagna af gerð I.

Bílar af gerð III eru litlar rútur en geta ekki tekið hjólastóla

Bílar af gerð IV eru hefðbundnir fólksbílar.

Ferðum sem reglubundin akstursþjónusta annar ekki verður úthlutað á bíla í tilfallandi akstursþjónustu eftir hagkvæmni (verð og gæði) þannig að séu menn að bjóða hentugan bíl á betra verði en aðrir bjóðendur fá þeir meira að gera. Miðað við fjölda bjóðenda má gera ráð fyrir að velflestir bjóðendur fái vinnu á dagtíma.

Forsendur kostnaðaráætlana

Í ljósi þess að niðurstaða útboðs var mjög ásættanleg er ekki er ástæða til annars en að gera ráð fyrir að kostnaður við akstur verði sambærilegur á næsta ári og hann var á þessu ári. Ekki er raunhæfur möguleiki til að meta kostnaðinn nákvæmar en svo fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig fyrr en reynsla er kominn á aksturinn. Augljóslega er mikil óvissa um hver áhrifin verða af samlegð og hækkun þjónustustigs en væntingar eru um að samnýting og samlegð vegi þar á móti. Hafa verður í huga að ákvarðanir sveitarfélaga um úthlutanir ferða og gjaldskrár ráða mestu um endanlegan kostnað. Einnig þarf að hafa í huga að skólaakstur er í óbreyttu fyrirkomulagi til vors en þó með hækkun gjaldi þannig að nýtt kerfi og nýir samningar verða ekki komnir í fullan rekstur fyrr en næsta sumar.

Ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélögin taki þátt í upphafskostnaði við nýju tölvukerfin heldur er sá kostnaður felldur inn í árlegt framlag til akstursþjónustunnar þannig að Strætó bs tekur stofnkostnaðinn alfarið á sig og dreifir honum á framlagið yfir 10-11 ár.

Starfsmannamál

Öllum starfsmönnum ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík hefur verið sagt upp frá og með áramótum. Bílstjórum var bent á að þeim stæði til boða að sækja um starf við akstur strætisvagna og starfsfólki þjónustuvers var bent á að þrjár stöður í sameinuðu þjónustuveri fyrir akstursþjónustu og strætisvagna yrðu auglýst og voru starfsmenn hvattir til að sækja um. Enginn af þeim starfsmönnum sem störfuðu í þjónustuveri ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík sótti um. Líklegar ástæður eru að um er að ræða vaktavinnu og því er vinnutími óreglulegur skv. því (s.s. vegna mun lengri opnunartíma) og kröfur (starfsmenn þurfa að svara almennum fyrirspurnum vegna aksturs strætisvagna auk akstursþjónustunnar) eru frábrugðnar því sem verið hefur. Enginn fatlaður einstaklingur sótti um starf í þjónustuveri þegar fyrrgreindar stöður voru auglýstar.

Einhver hluti bílstjóranna hefur spurst fyrir um starf við akstur strætisvagna.

Niðurlag

Hér hefur verið reynt að svara þeim spurningum sem varpað var fram eins ítarlega og hægt er en ef eitthvað er óskýrt þarf ekki að hika við að hafa samband við okkur.